# KEA

Árshlutareikningur

# 30.6.2006

KEA svf.
Glerárgötu 36
600 Akureyri
kt. 680169-2769

# KEA

## Árshlutareikningur

# 30.6.2006

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-13 |

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og félagsmanna í KEA.

Við höfum kannað árshlutareikning KEA svf.. fyrir tímabilið 1/1 – 30/6 2006. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri yfirlýsingu sem við gefum um árshlutareikninginn á grundvelli könnunarinnar.

Við könnuðum árshlutareikninginn eftir þeim endurskoðunarvenjum á Íslandi sem við eiga þegar um könnun er að ræða. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að nokkuð góð vissa fáist um að árshlutareikningurinn sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Könnun felur einkum í sér fyrirspurnir til starfsmanna félagsins, greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins, auk samanburðar á kennitölum. Könnun veitir því minni vissu um árshlutareikninginn en þegar um endurskoðun er að ræða. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum því slíkt álit ekki í ljós á árshlutareikningnum.

Könnun okkar leiddi ekki annað í ljós en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins fyrir tímabilið 1/1 – 30/6 2006, efnahag þess 30. júní 2006 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1/1 – 30/6 2006, í samræmi við settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Akureyri, 28. ágúst 2006

**Deloitte hf.**

Ragnar Jóhann Jónsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

KEA svf. er fjárfestingafélag sem vinnur í þágu félagsmanna sinna að eflingu atvinnulífs og búsetuskilyrða á félagssvæði sínu.

Hagnaður samstæðu KEA á tímabilinu 1/1 - 30/6 2006 nam kr. 132.930.919. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 5.177.969.051, bókfært eigið fé í júnílok er kr. 4.354.891.577 og er eiginfjárhlutfall félagsins 84,10%.

Í lok tímabilsins voru félagsmenn í félaginu 12.113 en voru 9.040 í upphafi árs.

Stjórn félagsins vísar í árshlutareikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra KEA koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok júní 2006, rekstrarárangri tímabilsins 1/1 - 30/6 2006 og fjárhagslegri þróun á tímabilinu. Stjórn og framkvæmdastjóri KEA staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2006 með undirritun sinni.

Akureyri, 28. ágúst 2006

**Í stjórn**

Hannes Karlsson
formaður

Björn Friðþjófsson
varaformaður

Jóhannes Ævar Jónsson
ritari

Benedikt Sigurðarson
meðstjórnandi

Hallur Gunnarsson
meðstjórnandi

Soffía Ragnarsdóttir
meðstjórnandi

Ulfhildur Rögnvaldsdóttir
meðstjórnandi

**Framkvæmdastjóri**

Halldór Jóhannsson
framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur 1/1 - 30/6 2006

| | Skýr. | 2006<br>1/1-30/6 | 2005<br>1/1-30/6 |
|---|---|---|---|
| Fjármunatekjur | | 267.798.729 | 377.349.799 |
| Afskrift og niðurfærsla krafna og eignarhluta | | (10.610.788) | (34.180.116) |
| Fjármagnsgjöld | | (15.477.461) | (5.284.665) |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 241.710.480 | 337.885.018 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | (21.307.161) | (53.843.622) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (30.812.387) | (19.683.636) |
| Veittir styrkir | | (22.708.516) | (28.287.922) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 166.882.416 | 236.069.838 |
| Tekjuskattur | 4 | (33.951.497) | (38.280.377) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 132.930.919 | 197.789.461 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2006

## Eignir

| | Skýr. | 30.06.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 16.259.100 | 15.000.000 |
| Markaðsverðbréf | 7 | 3.873.901.438 | 4.006.896.321 |
| Fjárfestingaverðbréf | 8 | 678.324.337 | 491.267.883 |
| Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur | 9 | 270.750.962 | 255.975.599 |
| Annað bundið fé | | 119.804 | 119.804 |
| | | 4.839.355.641 | 4.769.259.607 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | | 66.415.171 | 65.807.184 |
| Aðrar skammtímakröfur | 10 | 214.763.332 | 203.128.282 |
| Handbært fé | 10 | 57.434.907 | 63.014.551 |
| | | 338.613.410 | 331.950.017 |
| **Eignir** | | 5.177.969.051 | 5.101.209.624 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 30.06.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 11 | | |
| Stofnsjóður félagsmanna | | 6.056.500 | 4.817.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 1.514.125 | 1.204.250 |
| Óráðstafað eigið fé | | 4.347.320.952 | 4.254.706.619 |
| Eigið fé | | 4.354.891.577 | 4.260.727.869 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 156.966.972 | 179.465.070 |
| Aðrar langtímaskuldir | 12 | 16.014.830 | 23.962.342 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 13 | 424.787.984 | 423.150.435 |
| | | 597.769.786 | 626.577.847 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 14 | 6.528.085 | 6.510.741 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 14 | 82.699.123 | 85.145.716 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 4 | 32.313.948 | 40.384.351 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 14 | 103.766.532 | 81.863.100 |
| | | 225.307.688 | 213.903.908 |
| Skuldir | | 823.077.474 | 840.481.755 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 5.177.969.051 | 5.101.209.624 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1/1-30/6 2006

| | Skýr. | 2006<br>1/1-30/6 | 2005<br>1/1-30/6 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður fyrir skatta | | 166.882.416 | 236.069.838 |
| Verðbætur og gengismunur eigna og skulda | | (239.015.879) | (67.610.966) |
| Afskrift krafna og eignarhluta | | 10.610.788 | 34.630.115 |
| Söluhagnaður | | 0 | (182.369.297) |
| Veltufé frá (til) rekstri án skatta | | (61.522.675) | 20.719.690 |
| Rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun | | (12.515.262) | (7.974.578) |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) | | (48.049.300) | 20.277.413 |
| Handbært fé frá (til) rekstri án skatta | | (122.087.237) | 33.022.525 |
| Greiddir skattar | | (8.408.856) | (7.682.044) |
| **Handbært fé frá (til) rekstri** | | (130.496.093) | 25.340.481 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Skammtímakröfur (hækkun) lækkun | 10 | (1.328.958) | (188.037.242) |
| Ný skuldabréf | | (40.366.080) | (11.824.558) |
| Afborganir skuldabréfa | | 35.548.039 | 1.500.000 |
| Keypt/seld fjárfestingaverðbréf | | (220.210.077) | 2.031.819.924 |
| Keypt/seld markaðsverðbréf | | 371.605.773 | (1.912.892.620) |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | | (1.259.100) | 0 |
| | | 143.989.597 | (79.434.496) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | (3.890.972) | 3.445.869 |
| Afborganir langtímalána | | (16.421.676) | 0 |
| Stofnsjóður félagsmanna | 11 | 1.239.500 | 45.000 |
| Nýjar langtímaskuldir | | 0 | 25.303.707 |
| | | (19.073.148) | 28.794.576 |
| Lækkun handbærs fjár | | (5.579.644) | (25.299.439) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 63.014.551 | 89.973.884 |
| Handbært fé í lok tímabils | | 57.434.907 | 64.674.445 |
| | | 0 | 1.659.894 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Aðrar upplýsingar** | | | |
| Veltufé (til) frá rekstri | | (98.094.418) | 28.786.351 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

KEA er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

KEA er fjárfestingarfélag sem vinnur í þágu eigenda sinna að því að efla atvinnulíf og búsetuskilyrði á starfssvæði sínu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur KEA fyrir tímabliðið 1/1 - 30/6 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Samstæða

Árshlutareikningur samstæðunnar tekur til árshlutareiknings móðurfélagsins og árshlutareikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæða KEA samanstendur af árshlutareikningum KEA og Hildings ehf., en KEA á Hilding ehf. 100%. Þann 28. júní 2006 samþykktu stjórnir Upphafs-Nýsköpunar ehf. og Tækifæris hf. að sameina félögin undir nafni Tækifæris hf. miðað við 1. janúar 2006, en Upphaf-Nýsköpun ehf. var 100% í eigu KEA.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.
Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

| | 1/1-30/6 2006 | 1/1-30/6 2005 |
|---|---|---|
| Laun og starfslokasamningur | 16.075.956 | 44.419.817 |
| Launatengd gjöld | 5.231.205 | 9.423.805 |
| | 21.307.161 | 53.843.622 |
| Meðalfjöldi starfa | 4 | 3 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á tímabilinu 1/1 - 30/6 2006 námu 12,0 milljónum króna.

## 4. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 34 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2007 vegna tímabilsins nemur 32,3 milljónum króna.

| **Útleiðsla á virku skatthlutfalli:** | 30.6.2006 | | 1/1-30/6 2005 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 166.882.416 | | 236.069.838 | |
| Skatthlutfall, 18% | 30.038.835 | 18,0% | 42.492.571 | 18,0% |
| Fenginn arður | 0 | 0,0% | -8.964.000 | -3,8% |
| Ófrádráttarbærir styrkir | 3.819.752 | 2,3% | 4.751.806 | 2,0% |
| Aðrir liðir | 92.910 | 0,1% | 0 | 0,0% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 33.951.497 | 20,3% | 38.280.377 | 16,2% |

## 5. Arður

Á aðalfundi félagsins 6. maí 2006 var samþykkt að greiða arð til félagsmanna vegna rekstrarársins 2005, samtals að fjárhæð um 40 milljónir króna.

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Innréttingar og húsgögn | Fasteign Kaupvangsstr. | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1 | 0 | 15.000.000 | 15.000.000 |
| Bókfært verð 1/1 | 0 | 15.000.000 | 15.000.000 |
| Viðbót á árinu | 1.259.100 | 0 | 1.259.100 |
| Bókfært verð 30.06.2006 | 1.259.100 | 15.000.000 | 16.259.100 |

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í lok tímabilsins greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 13.123.000 | 12.168.000 |
| Aðrar lausafjártryggingar | | 2.920.000 |

Engar veðskuldir hvíla á fasteign félagsins.

### 7. Markaðsverðbréf

| | 30.6.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 4.006.896.321 | 2.016.302.612 |
| Keypt á árinu | 1.961.293.240 | 6.160.276.903 |
| Selt á árinu | (2.332.899.013) | (4.390.054.890) |
| Verðbreytingar | 238.610.890 | 220.371.696 |
| Staða í lok tímabilsins | 3.873.901.438 | 4.006.896.321 |

### 8. Fjárfestingaverðbréf

| | 30.6.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 678.324.337 | 491.267.883 |
| | 678.324.337 | 491.267.883 |

| | | |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 491.267.883 | 2.233.429.965 |
| Keypt á árinu | 703.333.245 | 278.236.965 |
| Selt á árinu | (503.195.012) | (1.975.265.698) |
| Niðurfærsla | (13.081.779) | (45.133.349) |
| Staða í lok tímabilsins | 678.324.337 | 491.267.883 |

Eignarhlutar í öðrum félögum eru:

| | Eignarhlutdeild |
|---|---|
| Avion Group hf. | 0,01% |
| Ásprent Stíll ehf. | 59,06% |
| Bjarmi líknarfélag ehf. | 50,00% |
| Eignarhaldsfélagið Akur ehf. | 50,00% |
| Fjárfestingafélagið Fosshóll ehf. | 14,38% |
| Fjárfestingafélagið Urðir ehf. | 50,00% |
| G36 ehf. | 100,00% |
| Grand Hótel Mývatn ehf. | 1,55% |
| Greið leið ehf. | 29,20% |
| Hraun í Öxnadal ehf. | 16,67% |
| Miðlun ehf. | 15,80% |
| Norðlenska matborðið ehf. | 45,45% |
| Norðurvegur ehf. | 27,00% |
| Slippurinn ehf. | 10,00% |
| Tækifæri hf. | 30,59% |
| Útgáfufélagið ehf. | 71,00% |
| Þekkingarvörur ehf. | 33,00% |

## 9. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

| | 30.6.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 327.819.928 | 427.845.333 |
| Keypt á árinu | 66.336.256 | 2.022.937.145 |
| Innborganir á árinu | (63.600.713) | (2.131.258.976) |
| Verðbreytingar | 12.647.807 | 14.589.830 |
| Afskrifað á árinu | 0 | (6.293.404) |
| Staða í lok tímabilsins | 343.203.278 | 327.819.928 |
| Niðurfærsla | (6.037.145) | (6.037.145) |
| Næsta árs afborgun | (66.415.171) | (65.807.184) |
| | 270.750.962 | 255.975.599 |

## 10. Aðrar peningalegar eignir

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 30.6.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Kröfur á félög | 173.710.173 | 192.531.060 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 6.277.972 | 266.752 |
| Fjármagnstekjuskattur | 28.863.566 | 22.144.159 |
| Reiknaðir áfallnir vextir | 14.698.425 | 7.091.448 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (8.786.804) | (18.905.137) |
| | 214.763.332 | 203.128.282 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 30.6.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 57.434.907 | 58.828.295 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 0 | 4.186.256 |
| | 57.434.907 | 63.014.551 |

## 11. Eigið fé

| | Stofnsjóður félagsmana | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2006 | 4.817.000 | 1.204.250 | 4.254.706.619 | 4.260.727.869 |
| Innborgað í stofnsjóð | 1.344.000 | | | 1.344.000 |
| Útborgað úr stofnsjóði | (104.500) | | | (104.500) |
| Úthlutaður arður til félagsmanna | | | (40.006.711) | (40.006.711) |
| Hagnaður tímabilsins | | | 132.930.919 | 132.930.919 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | 309.875 | (309.875) | |
| Eigið fé 30.06.2006 | 6.056.500 | 1.514.125 | 4.347.320.952 | 4.354.891.577 |

## 12. Langtímaskuldir

| | Aðrar langtímaskuldir | | Skuldabréfalán | |
|---|---|---|---|---|
| | 30.06.2006 | 31.12.2005 | 30.06.2006 | 31.12.2005 |
| Skuldir í ISK | 27.936.099 | 27.936.099 | 227.744.826 | 322.235.527 |
| | 27.936.099 | 27.936.099 | 227.744.826 | 322.235.527 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (11.921.269) | (3.973.757) | (70.777.854) | (80.452.919) |
| Langtímaskuldir í lok tímabilsins | 16.014.830 | 23.962.342 | 156.966.972 | 241.782.608 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Aðrar langtímaskuldir | Skuldabréfa-lán |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 11.921.269 | 70.777.854 |
| Afborganir 1.7.2007-30.6.2008 | 15.895.025 | 70.777.854 |
| Afborganir 1.7.2008-30.6.2009 | 0 | 34.475.647 |
| Afborganir 1.7.2009-30.6.2010 | 0 | 34.475.647 |
| Afborganir 1.7.2010-30.6.2011 | 0 | 17.237.824 |
| | 27.816.294 | 227.744.826 |

## 13. Frestaður skattur

| | |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 423.150.435 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins 1/1 - 30/6 2006 | 33.874.097 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2007 | (32.236.548) |
| Staða í lok tímabilsins | 424.787.984 |

**Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:**

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 28.494 |
| Eignarhlutar í félögum | (13.710.307) |
| Frestaður söluhagnaður hlutabréfa | 446.145.041 |
| Skammtímakröfur | (2.668.311) |
| Aðrir liðir | (5.006.933) |
| | 424.787.984 |

## 14. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 30.6.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 6.528.085 | 6.510.741 |
| | 6.528.085 | 6.510.741 |

## 14. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 30.6.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Vörslufé | 8.290.573 | 10.798.732 |
| Ógreidd hlutafjárloforð | 7.911.500 | 30.189.278 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 4.899.429 | 7.601.231 |
| Ógreiddur arður | 36.006.040 | 744.000 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 3.830.407 | 16.937.609 |
| Fjármagnstekjuskattur | 4.000.671 | 4.093.333 |
| Ógreidd opinber gjöld | 38.724.412 | 6.748.917 |
| Aðrar skuldir | 103.500 | 4.750.000 |
| | 103.766.532 | 81.863.100 |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 30.6.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Skuldabréfalán | 70.777.854 | 81.171.959 |
| Aðrar langtímaskuldir | 11.921.269 | 3.973.756 |
| | 82.699.123 | 85.145.716 |

## 15. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Burðarás hf. (áður Kaldbakur hf.) hefur tekið að sér að greiða langtímaskuldir félagsins að eftirstöðvum 72,6 milljónir króna í lok júní 2006, þar af eru 36,3 milljónir króna færðar sem næsta árs afborganir meðal skammtímaskulda. Í reikningum félagsins er því myndaður mótreikningur við umræddar langtímaskuldir meðal langtímakrafna og næsta árs afborganna langtímakrafna, sem sýna þá kröfu sem félagið á á hendur Burðarási. Greiðslur vegna þessara langtímaskulda og langtímakrafna koma ekki fram í sjóðstreymi félagsins.

## 16. Ábyrgðir og önnur mál

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema um 360 milljónum króna og eru sjálfskuldarábyrgðir sem félagið hefur veitt í tengslum við fjárfestingaverkefni sem það hefur tekið þátt í.